

**Nr. 18-192 S 133 Páll Jónsson GK 7*****Bilun í skrúfubúnaði***

Skipaskr.nr. 1030  
 IMO nr. 6704892  
 Útgerð: Visir hf.  
 Smíðaður: Hollandi 1967, stál  
 Stærð: 299 brl. 402 bt.  
 Mesta lengd: 43,90 m Skráð lengd: 40,36 m  
 Breidd: 7,60 m Dýpt: 6,30 m  
 Vél: Grenaa 662 kW, 1981.  
 Fjöldi skipverja: 14



Páll Jónsson © Hafþór Hreiðarsson

**Gögn:**

Gögn RNSA

Lokaskýrsla afgreidd á fundi 24. maí 2019 af Geirþrúði Alfredsdóttur, Inga Tryggvasyni, Hilmari Snorrassyni, Pálma K. Jónssyni og Hirti Emilssyni.

Tilgangur þessarar skýrslu er ekki að skipta sök eða ábyrgð og skal henni ekki beitt sem sönnunargagn í dómsmáli.

**Atvikalýsing:**

Þann 23. október 2018 var Páll Jónsson GK 7 á línuveiðum á NV miðum. Veður: ANA 10 m/s.

Þegar skipverjar voru að enda við að leggja línuna kom mikið högg á skipið að aftanverðu. Við skoðun kom í ljós að skrúfan var óvirk og staðan á skrúfublöðunum á fullu afturábak auk þess sem stjórnþúnaðurinn fyrir skrúfuna virkaði ekki. Óskað var eftir aðstoð og björgunarskipið Húnabjörg frá Skagastönd tók skipið í tog en síðan tók dráttarbatúrin Seifur við og dró skipið til hafnar á Akureyri þar sem það fór í slipp.

**Við rannsókn kom fram:**

- að skiptiteinninn fór í sundur aftur í skrúfuhús í greiðunni sem snýr skrúfublöðunum;
- að skiptiteinninn var upprunalegur, frá árinu 1981;
- að skipt var um skrúfublöðin fyrir sjö árum en notuð var sama greiða;
- að skrúfubúnaðurinn var af sömu gerð og aðalvél þ.e.a.s. Grenaa;
- að smíðaður var nýr skiptiteinn og hann rafsoðinn báðu megin við greiðuna.



Brotið í skiptiteininum

**Nefndarálit:**

Orsök atviksins má rekja til málmþreytu í skiptiteininum.